




Hátíð brautskráðra doktora

1. DESEMBER 2023



Ávarp rektors og aðstoðarrektors

Hátíð brautskráðra doktora fer nú fram í tólfta sinn. Á aldarafmæli Háskóla Íslands 2011 var í fyrsta sinn efnt til sérstakrar hátíðar á fullveldisdaginn, 1. desember, sem tileinkuð er doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Er hún nú orðin árleg hefð innan skólans.

Doktorsnám í Háskóla Íslands stendur afar sterkt og vöxtur háskólans og viðgangur undanfarna áratugi sýnir hversu sannspár Björn M. Olsen, fyrsti rektor skólans, var í setningarræðu sinni í Alþingishúsinu 1911 er hann mælti: „Mjór getur verið mikils vísir“. Árið 2001 voru fjórir nýir doktorar brautskráðir frá háskólanum, en undanfarinn áratug hafa þeir að meðaltali verið um 70 á ári. Árið 2019 varð metár í brautskráningum, þegar 91 kandídat lauk doktorsprófi, en nú í ár, 2023, verða doktorarnir 79. Þúsundasti doktorinn brautskráðist frá Háskóla Íslands í maí 2022.

Það er ótvírætt að árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Sem dæmi um það má nefna að skólinn hefur þrettán ár í röð verið á meðal bestu háskóla í heimi á matslista Times Higher Education World Rankings og enn fremur raðast einstök fræðasvið skólans mjög hátt. Auk þess mælast níu rannsóknasvið hátt á undirlistum. Háskóli Íslands kemst nú í sjöunda sinn inn á Shanghai University Rankings listann og rannsóknasvið skólans ná þar inn á tíu undirlista. Þennan árangur ber ekki síst að þakka áherslunni á doktorsnám og framlagi doktorsnema til aukinna rannsókna við skólann.

Öflugt doktorsnám við Háskóla Íslands hefur styrkt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla. Doktorsnám við skólann er eftirsótt af innlendum og erlendum nemendum og verkefnið eru iðulega unnin í alþjóðlegu samstarfi. Um leið gerir það skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem stærsti og breiðasti háskóli þjóðarinnar, háskóli sem brautskráir nemendur á öllum námsstigum á 5 fræðasviðum og í 26 deildum. Þetta er afar mikilvægt því rannsóknir og góð og fjölbreytt menntun eru jafnan talin vera ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar þjóða.



Um þessar mundir eru tæplega 700 einstaklingar skráðir í doktorsnám við öll fimm fræðasvið skólans. Ítarlegri upplýsingar um þróun doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarin ár má sjá hér í bæklingnum.

Nú fögnum við þeim doktorum sem hafa brautskráðst frá Háskóla Íslands á tímabilinu frá 1. desember 2022 til 1. desember 2023. Það eru samtals 83 doktorar, 34 karlar og 49 konur. Sameiginlegar doktorsgráður með öðrum háskólum eru tvær talsins, auk þess sem á árinu brautskráðist nemandi sameiginlega frá tveimur fræðasviðum skólans. 37% doktora tímabilsins eru með erlent ríkisfang.

*Jón Atli Benediktsson, rektor
Ingibjörg Gunnarsdóttir, aðstoðarrektor vísinda*

Address by the Rector and Pro-rector

The Ceremony for Doctoral Graduates is now held for the twelfth time. On the Centennial of the University in 2011, a special ceremony was held for the first time on Sovereignty Day, 1 December, devoted to doctoral studies and the University's doctoral graduates. This ceremony has now become an annual tradition at the University.

Doctoral studies at the University of Iceland are in an extremely strong position, and the way the University has grown and flourished over recent decades is testament to the truth of what Björn M. Olsen, the first Rector of the University, said in his inaugural address in the Icelandic Parliament building in 1911: "Mighty oaks from little acorns grow." In 2001, there were four new doctoral graduates, but over the past decade the annual graduation rate has averaged around 70. 2019 saw a record number of graduations, with 91 candidates completing a PhD. 79 new doctors will graduate in 2023. The University of Iceland awarded its thousandth doctoral degree in May 2022.

The University of Iceland's achievement in the field of research and innovation has unquestionably seen a huge improvement in recent years. For example, for the thirteenth year in a row, the University has been ranked among the world's best universities in the Times Higher Education World Rankings, with individual schools at the University also ranked very highly. Furthermore, nine research areas scored highly in the subject rankings. For the seventh time, the University of Iceland has also been included in the Shanghai University Rankings, with specific research areas rated highly in ten subject rankings. This success is not least thanks to our emphasis on doctoral studies and the contributions that PhD students have made to research at the University.

Dynamic doctoral studies at the University of Iceland have strengthened our position as an internationally recognised research university. PhD programmes at UI are in high demand, from both domestic and international students, and thesis projects are often completed in collaboration with international partners. Doctoral studies also enable the University to fulfil its

role as the largest and most comprehensive university in Iceland, an institution that graduates students at all levels of study from five schools and 26 faculties. This is incredibly important, since research and diverse, high quality education are generally considered among the main prerequisites for economic growth and increased prosperity.

There are currently almost 700 PhD students across the five schools at the University. More detailed information on the development of doctoral studies at the University of Iceland in recent years can be found in this booklet.

Today we celebrate those who have graduated with a PhD from the University of Iceland between 1 December 2022 and 1 December 2023. In total, they number 83: 34 men and 49 women. Two doctoral degrees have been awarded jointly with universities abroad, and one student graduated this year with a joint PhD from two UI schools. 37% of doctoral graduates during this period are foreign citizens.

The University is proud of this wonderful group of graduates who will no doubt go on to make names for themselves in a diverse range of fields. We offer them our heartfelt congratulations on their PhDs and wish them all the best in their future endeavours.

Jón Atli Benediktsson, Rector
Ingibjörg Gunnarsdóttir, Pro-Rector of Science



Félagsvísindasvið

Guðrún Erla Jónsdóttir

Viðskiptafræði /
Viðskiptafræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Þröstur Olaf Sigurjónsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. Morten Huse, prófessor við BI Business School í Ósló í Noregi, og dr. Nikolas Kavadis, dósent við Copenhagen Business School í Danmörku.

Heiti ritgerðar: *Eigendastefna: Áhrif ábyrgs eignarhalds á störf stjórnna og stefnumiðaða ákvarðanatöku. Ownership strategy: The impact of responsible ownership on board behavior and strategic decision-making.*

Doktorsvörn Guðrúnar Erlu fór fram 13. desember 2022.



Haukur Freyr Gylfason

Hagfræði / Hagfræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild.

Andmælendur: Dr. Urs Fischbacher, prófessor við University of Konstanz í Þýskalandi, og dr. Tibor Neugebauer, prófessor við University of Luxembourg.

Heiti ritgerðar: *Réttmætisathugun á túlkun hegðunar leikmanna í mælgileik Gneezy. Interpreting behavior of agents in Gneezy's cheap-talk game.*

Doktorsvörn Hauks fór fram 27. mars.



Jill Marie Peterson

Hnattræn fræði / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Geir Gunnlaugsson, prófessor emeritus við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Katherine Tumlinson, lektor við University of North Carolina í Bandaríkjunum, og dr. Helga Gottfreðsdóttir, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ.

Heiti ritgerðar: *Mat á skertu aðgengi að fjölskylduáætlun með getnaðarvörnum og afleiðingar þess. Hóprannsókn með blönduðum aðferðum í Malaví. Assessing family planning service denial and its outcomes: a mixed method cohort study in Malawi.*

Doktorsvörn Jill Marie fór fram 17. maí.



Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir

Fötlunarfræði / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Anne Edwards, prófessor emerita við University of Oxford í Englandi, og dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Heiti ritgerðar: *Stuðningur við fötluð börn og fjölskyldur á Íslandi: Kenningar og framkvæmd. Disabled children, families and services in Iceland: Bridging the gap between theory and practice.*

Doktorsvörn Jónu Guðbjargar fór fram 1. september.



Júlíana Þóra Magnúsdóttir

Þjóðfræði / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Terry Gunnell, prófessor emeritus við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Mirjam Mencej, prófessor við Háskólann í Ljubljana í Slóveníu, og dr. Ulf Palmenfelt, prófessor við Háskólann í Uppsöllum í Svíþjóð.

Heiti ritgerðar: *Með eigin röddum: Sagnahefðir íslenskra kvenna undir lok nítjándu aldar og í byrjun tuttugustu aldar. In their own voices: Legend traditions of Icelandic women in the late nineteenth and early twentieth centuries.*

Doktorsvörn Júlíönu fór fram 16. júní.



Sigríður Sunna Ebenesersdóttir

Mannfræði / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Agnar Helgason, mánnerfðafræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu og prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Stephan Schiffels, verkefnisstjóri við Max Planck Institute for Evolutionary Anthropology í Leipzig í Þýskalandi, og dr. Jón Hallsteinn Hallsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands og aðjunkt við Læknadeild HÍ.

Heiti ritgerðar: *Erfðasaga hópa í Norður-Atlantshafi metin út frá erfðamengjum úr fornum og núlifandi einstaklingum. Investigating the history of human populations in the North Atlantic using ancient and modern genomes.*

Doktorsvörn Sigríðar Sunnu fór fram 25. maí.



Sigurður Ragnarsson

Viðskiptafræði /
Viðskiptafræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Erla Sólveig Kristjánsdóttir, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. G. James Lemoine, dósent við University at Buffalo í Bandaríkjunum, og dr. Armin Pircher Verdorfer, dósent við University of Amsterdam í Hollandi.

Heiti ritgerðar: *Að leiða í gegnum þjónustu: Iðkun þjónandi forystu. Leading through service: The practice of servant leadership.*

Doktorsvörn Sigurðar fór fram 12. apríl.



Stella Stefánsdóttir

Viðskiptafræði /
Viðskiptafræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. Anna Öhrwall Rönnbäck, prófessor við Luleå University of Technology í Svíþjóð, og dr. Juliana Hsuan, prófessor við Copenhagen Business School í Danmörku.

Heiti ritgerðar: *Lykilþættir við tilurð og mótun á árangursríku samstarfi um opna nýsköpun á vöruþróunarferli nýrra vara. Key enabling elements of productive open innovation during NPD process: A comparative case analysis.*

Doktorsvörn Stellu fór fram 25. ágúst.



Verena Karlsdóttir

Viðskiptafræði /
Viðskiptafræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. Arndt Werner; prófessor við University of Siegen í Þýskalandi, og dr. Devrim Göktepe-Hulten, lektor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Heiti ritgerðar: *Endurmat á hlutverki háskólastigsins: Greining á þriðja hlutverki háskóla á Íslandi. Redefining the role of higher education: The case of third mission practices of Icelandic universities.*

Doktorsvörn Verenu fór fram 29. september.



Þóra Björnsdóttir

Próunarfræði / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Leiðbeinandi: Dr. Jónína Einarsdóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.


Andmælendur: Dr. Yaw Ofosu-Kusi, prófessor við University of Energy and Natural Resources í Gana, og dr. Dorte Thorsen, rannsakandi við Institute of Development Studies í Brighton í Englandi.

Heiti ritgerðar: *Réttur til að flytja? Flutningur barna frá Norður- til Suður-Gana. The right to migrate? North-South migration of children in Ghana.*


Doktorsvörn Þóru fór fram 19. maí.




Ríkisfang brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2019–2023



Kynjahlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2019–2023



Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2019–2023



A photograph of a man with a full beard and a headband, playing an acoustic guitar on a stage. He is wearing a brown sweater. The background is a vibrant red, possibly from stage lighting or a backdrop. A microphone on a stand is positioned in front of him. The overall mood is warm and intimate.

Heilbrigðisvísindasvið

Anna Bryndís Einarsdóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Sveinn Hákon Harðarson, dósent við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Doreen Schmidl, lektor við við Medical University of Vienna í Austurríki, og dr. Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus við Háskólann á Akureyri.

Heiti ritgerðar: *Súrefnismælingar í augnbotnum í Alzheimer sjúkdómi, vægri vitrænni skerðingu og heila- og mænusiggi. Retinal oximetry in Alzheimer's disease, mild cognitive impairment and multiple sclerosis.*

Doktorsvörn Önnu Bryndísar fór fram 15. desember 2022.



Anna Lára Ármannsdóttir

Heilbrigðisvísindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Kristín Briem, prófessor við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Sigurður Brynjólfsson, prófessor við lónaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Steven A. Gard, dósent við Northwestern University í Bandaríkjunum, og dr. Toran MacLeod, dósent við California State University í Bandaríkjunum.

Heiti ritgerðar: *Breytileg stífni gervifótar: Lífafræðileg áhrif og huglæggt mat einstaklingsins. Varying prosthetic foot stiffness: Evaluation of biomechanical effects and individual perceptions.*

Doktorsvörn Önnu Láru fór fram 10. nóvember.



Arnar Jan Jónsson

Læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari: Dr. Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðilæknir við Landspítala.

Andmælendur: Dr. Alberto Ortiz, prófessor við University of Madrid á Spáni, og dr. Dorothea Nitsch, prófessor við London School of Hygiene and Tropical Medicine í Englandi.

Heiti ritgerðar: *Langvinnur nýrnasjúkdómur á Íslandi: Algengi, nýgengi, áhættuþættir og afdrif. Chronic kidney disease in Iceland: Prevalence, incidence, risk factors and outcomes.*

Doktorsvörn Arnars fór fram 23. júní.



Bergrós Kristín Jóhannsdóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Timothy Resch, prófessor og yfirlæknir við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn í Danmörku, og dr. Fredrik Yannopoulos, yfirlæknir á Háskólasjúkrahúsínu í Oulu í Finnlandi.

Heiti ritgerðar: *Alvarlegir æða- og brjóstholsaáverkar í norrænu sjúklingabýði. Major vascular and thoracic trauma in Nordic populations.*

Doktorsvörn Bergrósar fór fram 6. janúar.



Christian Houborg

Sálfræði / Sálfræðideild

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Árni Kristjánsson, prófessor við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Pascal Mamassian, prófessor við CNRS & École Normale Supérieure í París í Frakklandi, og dr. Peter Shepherdson, dósent við Háskólann á Akureyri.

Heiti ritgerðar: *Samfella í sjónskynjun: Raðáhrif, eftiráhrif og athygli. Continuity in perception: Contrasting serial dependence, aftereffects and learning of ignored information.*

Doktorsvörn Christians fór fram 30. nóvember.



Dileep Urimi

Lyfjavísindi / Lyfjafræðideild

Umsjónarkennarar og

leiðbeinendur: Dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor emeritus við Lyfjafræðideild, og dr. Nicolaas Schipper, þróunarstjóri við Research Institutes of Sweden í Svíþjóð.

Andmælendur: Dr. Marie Wahlgren, prófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, og dr. Mark Rutland, prófessor við Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Heiti ritgerðar: *Þróun fitusækinnna nanóhýllkja fyrir lyfjagjöf til sjónhimnu. A lipid nanocapsule formulation for drug delivery to the retina.*

Doktorsvörn Dileeps fór fram 21. ágúst.



Elín Helga Þórarinsdóttir

Læknavísindi / Læknadeild

Umsjónarkennari: Dr. Thor Aspelund, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Christer Janson, prófessor við Uppsala-háskóla í Svíþjóð.

Andmælendur: Dr. Eva M. Svansson, prófessor emeritus við Háskólann í Linköping í Svíþjóð, og dr. Grace Pien, lektor við Johns Hopkins háskólasjúkrahúsið í Baltimore í Bandaríkjunum.

Heiti ritgerðar: *Einkenni og svipgerð íþyngjandi dagsyfju: Rannsókn á almennu þýði og kæfisvefnssjúklingum. Characteristics and phenotypes of Excessive Daytime Sleepiness: Studies on the general population and sleep apnea patients*

Doktorsvörn Elínar Helgu fór fram 16. júní.



Elísabet Alexandra Frick

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Stefán Þ. Sigurðsson, prófessor við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Þorkell Guðjónsson, lektor við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Andmælendur: Dr. Carolyn M. Klinge, prófessor við University of Louisville School of Medicine í Bandaríkjunum, og dr. Bylgja Hilmarsdóttir, rannsóknasérfræðingur á Landspítala.

Heiti ritgerðar: *MicroRNA-190b í brjóst- og eggjastokkkrabbameini. MicroRNA-190b in breast and ovarian cancer.*

Doktorsvörn Elísabetar fór fram 30. mars.



Embla Ýr Guðmundsdóttir

Ljós módurfræði / Hjúkrunar-
og ljós módurfræðideild

**Umsjónarkennarar og
leiðbeinendur:** Dr. Helga
Gottfreðsdóttir, prófessor við
Hjúkrunar- og ljós módurfræði-
deild, og dr. Marianne Nieuwen-
huijze, prófessor við Háskólann
í Maastricht í Hollandi.

Andmælendur: Dr. Geir Gunn-
laugsson, prófessor emeritus við Félagsfræði-, mannfræði og
þjóðfræðideild HÍ, og dr. Rikke Damkjær Maimburg, prófessor
við Háskólann í Árósum í Danmörku.

Heiti ritgerðar: *Útkoma fæðinga kvenna af erlendum uppruna
á Íslandi og reynsla þeirra af umönnun. Perinatal and maternal
outcomes of migrant women in Iceland and their experience of
care.*

Doktorsvörn Emblu Ýrar fór fram 19. október.



Guðmundur Bragi Walters

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Umsjónarkennari: Dr. Kári
Stefánsson, forstjóri Íslenskrar
erfðagreiningar og prófessor
emeritus við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Hreinn
Stefánsson, forstöðumaður hjá
Íslenskri erfðagreiningu.

Andmælendur: Dr. Sébastien
Jacquemont, dósent við Háskólann í Montréal í Kanada, og
dr. Manuel Mattheisen, prófessor við Dalhousie University
í Kanada.

Heiti ritgerðar: *Erfðafræði taugaþroskaraskana: Áhrif
sjaldgæfra breytileika á byggingu og starfsemi heilans.
Genetics of neurodevelopmental disorders: Effects of rare
sequence variants on brain structure and function.*

Doktorsvörn Guðmundar Braga fór fram 9. júní.



Hang Thi Nguyen

Matvælafræði / Matvæla- og
næringarfræðideild

Umsjónarkennari: Dr. María
Guðjónsdóttir, prófessor við
Matvæla- og næringarfræðideild.

Leiðbeinandi: Dr. Sigurjón
Arason, prófessor emeritus við
Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Heidi
Nielsen, rannsóknastjóri Nofima
í Tromsø í Noregi, og dr. Ida-
Johanne Jensen, lektor við UiT í Þrándheimi í Noregi.

Heiti ritgerðar: *Ný prótein til manneldis úr hliðarstraumum
fiskvinnslu og vannýttum fisktegundum. Novel protein sources
from fish processing side streams and underutilised species
for human consumption.*

Doktorsvörn Hang fór fram 18. apríl.



Íris Kristinsdóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari: Dr. Ásgeir
Haraldsson, prófessor við Lækna-
deild.

Leiðbeinandi: Dr. Valtýr Stefáns-
son Thors, lektor við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Karl G.
Kristinsson, prófessor við Lækna-
deild.

Andmælendur: Dr. Hanna
Nohynek, yfirlæknir við Finnish
Institute for Health and Welfare í Finnlandi, og dr. Nigel Curtis,
prófessor við Royal Children's Hospital og Murdoch Research
Institute í Melbourne í Ástralíu.

Heiti ritgerðar: *Sjúkdómar sem fyrirbyggja má með bólusetningum
hjá börnum, unglimum og ungu fólki á Íslandi – rótaveira, meningó-
kokkar og inflúensa: Er þörf á umbótum? Vaccine preventable
diseases in childhood, adolescence, and young adulthood in Iceland
– rotavirus, meningococci, and influenza: Room for improvements?*

Doktorsvörn Írisar fór fram 27. október.



Jónína Sigurgeirsdóttir

Heilbrigðisvísindi / Læknadeild

Umsjónarkennari: Dr. Gunnar Guðmundsson, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Andmælendur: Dr. Kirsten Elisabeth Lomborg, prófessor við Steno Diabetes Center í Kaupmannahöfn í Danmörku, og dr. Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Heiti ritgerðar: *Sjálfstjórnun í langvinnri lungnateppu (LLT): Reynsla sjúklinga, fjölskyldna og meðferðarlækna. Self-management in chronic obstructive pulmonary disease (COPD): Patients', families', and principal physicians' experiences.*

Doktorsvörn Jónínu fór fram 18. september.



Kévin Jean Antonio Ostacolo

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Margrét Helga Ögmundsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Lisa B. Frankel, hópstjóri við Danish Cancer Society og dósent við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku, og dr. Guðmundur Vignir Helgason, prófessor við University of Glasgow í Skotlandi.

Heiti ritgerðar: *Greining a hlutverki ATG7 ísóforma: ATG7(2) stýrir efnaskiptum. Characterization of ATG7 protein coding isoforms: ATG7(2) regulates metabolism.*

Doktorsvörn Kévins fór fram 16. nóvember.



Kirstine Nolling Jensen

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Jóna Freysdóttir, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Magnus Bäck, prófessor við Karolinska Institutet í Stokkhólmi í Svíþjóð, og dr. Marit Inngjerdingen, rannsóknasérfræðingur við Háskólasjúkrahúsið í Ósló í Noregi.

Heiti ritgerðar: *Ómega-3 fjölmættaðar fitusýrur auka hjöðnun bólgu og hafa áhrif á náttúrulegar drápsfrumur. Omega-3 polyunsaturated fatty acids promote inflammation resolution and affect natural killer cells.*

Doktorsvörn Kirstine fór fram 3. júlí.



Kristján Godsk Rögnvaldsson

Læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Magnús Gottfreðsson, prófessor við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Agnar Bjarnason, lektor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Jan Kristian Damås, prófessor við NTNU í Noregi, og dr. Pernille Ravn, yfirlæknir og klínískur dósent við Herlev og Gentofte sjúkrahúsið og Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Heiti ritgerðar: *Samfélagslungnabólga meðal fullorðinna: Rannsóknir á völdum þáttum sem tengjast horfum og lifun. Community-acquired pneumonia among adults: Studies on selected factors which associate with severe disease and risk of death.*

Doktorsvörn Kristjáns fór fram 17. nóvember.



Magnús Blöndahl Sighvatsson

Heilbrigðisvísindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor emeritus við Læknadeild Háskóla Íslands og Sálfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Mæðleiðbeinandi: Dr. Paul M. Salkovskis, prófessor við Oxford-háskóla í Englandi.

Andmælendur: Dr. Robert DeRubeis, prófessor við University of Pennsylvania í Bandaríkjunum, og dr. Glenn Waller, prófessor við University of Sheffield í Englandi.

Heiti ritgerðar: *Virkir þættir í ósértækri hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi. Mechanisms of change in transdiagnostic cognitive behaviour therapy for anxiety and depression.*

Doktorsvörn Magnúsar fór fram 22. maí.



Muhammad Sulaman Nawaz

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari: Dr. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og prófessor emeritus við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Hreinn Stefánsson, forstöðumaður hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Andmælendur: Dr. Peristera Paschou, prófessor við Purdue University í Bandaríkjunum, og dr. Zeynep Tümer, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla.

Heiti ritgerðar: *Erfðafræði þroskaraskana, ósjálfráðra hreyfinga, hvatvísi og þráhyggju. Genetic architecture of childhood neuropsychiatric and involuntary movement disorders.*

Doktorsvörn Muhammads fór fram 2. desember 2022.



Nhung Hong Vu

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. David E. Fisher, prófessor við Massachusetts General Hospital og Harvard Medical School í Bandaríkjunum, og dr. Robert Ballotti, prófessor við Université de Côte d'Azur í Frakklandi.

Heiti ritgerðar: *Stöðugleiki og kjarnaflutningur MITF umritunarþáttarins og hlutverk við stjórnun á tjáningu PRDM7. Unraveling the dynamic of MITF stability and nuclear localization and its role in regulating PRDM7.*

Doktorsvörn Nhung fór fram 14. júní.



Ragnhildur Einarsdóttir

Matvælafræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Umsjónarkennari: Dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Leiðbeinandi: Dr. Kristín Anna Þórarinsdóttir, matvælafræðingur.

Andmælendur: Dr. James Lyng, prófessor við Háskólann í Dublin á Írlandi, og dr. Federico Gomez, prófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Heiti ritgerðar: *Útdráttur á lífvirkum efnum úr stórþörungum með púlsuðu rafsviði. Áhrif stærðar lípósóma á húðun með kaldsjávarfiskigelatíni. Novel extraction of bioactive compounds from macroalgae with pulsed electric field. The influence on liposomal dispersions of particle size and electrostatic deposition of cold water fish skin gelatin.*

Doktorsvörn Ragnhildar fór fram 16. desember 2022.



Róbert Arnar Karlsson

Líf- og læknávisindi / Læknadeild
og Rafmagns- og
tölvuverkfræðideild

Umsjónarkennari: Dr. Sveinn
Hákon Harðarson, dósent við
Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Jón Atli Bene-
diktsson, rektor og prófessor við
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Einar
Stefánsson, prófessor emeritus
við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Giovanni Ometto, vísindamaður við City
University of London, og dr. Goran Petrovski, prófessor við
augnlækningadeild Ríkisspítalans og Háskólann í Ósló í Noregi.

Heiti ritgerðar: *Þróun sjálfvirkra aðferða í súrefnismælingum
í augnbotnum. Automation of retinal oximetry.*

Doktorsvörn Róberts Arnars fór fram 24. nóvember.



Sigríður Lóa Jónsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild
(Þverfræðilegt nám)

Umsjónarkennari: Dr. Unnur
Anna Valdimarsdóttir, prófessor
við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Evald E.
Sæmundsen, klínískur prófessor
við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Vilhjálmur
Rafnsson, prófessor emeritus við
Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Marko Kielinen, þróunarstjóri við
Nuorten Ystavat (NGO) í Finnlandi, og dr. Guðmundur Á.
Skarphéðinsson, prófessor við Sálfræðideild.

Heiti ritgerðar: *Að bera kennsl á einhverfu snemma.
Early detection of autism.*

Doktorsvörn Sigríðar Lóu fór fram 26. maí.



Sofia Krasovskaia

Sálfræði / Sálfræðideild

Umsjónarkennari: Dr. Árni
Kristjánsson, prófessor við
Sálfræðideild.

Leiðbeinandi: Dr. W. Joseph
MacInnes, lektor við Swansea
University í Englandi.

Andmælendur: Dr. Þór Eysteins-
son, prófessor við Læknadeild
HÍ, og dr. Heiner Deubel,
prófessor emeritus við Ludwig
Maximilian Universität í München í Þýskalandi.

Heiti ritgerðar: *Hvernig skilja má sjónskynjun og sjónræna
athygli með augnhreyfingum: Kenningaleg og aðferðafræðileg
nálgun. Improving spatiotopic models of vision using
retinotopic input and vector-based saccadic generation:
A theoretical and methodological framework for the study
of attentional control settings.*

Doktorsvörn Sofiu fór fram 6. október.



Tómas Andri Axelsson

Læknávisindi / Læknadeild

**Umsjónarkennari og
leiðbeinandi:** Tómas
Guðbjartsson, prófessor við
Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Ivy Modrau,
dósent og yfirlæknir við Há-
skólann í Árósum í Danmörku,
og dr. Katrín Ragna Kemp
Guðmundsdóttir, sérfræðingur
í hjartalækningum.

Heiti ritgerðar: *Árangur eftir
kransæðahjáveituaðgerðir. Outcomes following coronary
artery bypass surgery.*

Doktorsvörn Tómasar fór fram 17. mars.



Þorsteinn Gunnarsson

Læknavísindi / Læknadeild

Ritgerð lögð fram án undangengins formllegs náms.

Andmælendur: Dr. Staffan Holmín, prófessor við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi, Svíþjóð, og dr. Vítor Mendes Pereira, dósent við University of Toronto í Kanada.

Heiti ritgerðar: *Innæðameðferð við heilaæðagúlum. Endovascular treatment of intracranial aneurysms.*

Doktorsvörn Þorsteins fór fram 17. febrúar.



Fjöldi brautskráðra doktora eftir fræðasviðum 2019–2023

Fræðasvið	2019	2020	2021	2022	2023
Félagsvísindasvið	12	4	6	9	11
Heilbrigðisvísindasvið	33	21	16	27	24
Hugvísindasvið	9	12	10	19	14
Menntavísindasvið	6	4	6	8	11
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	26	24	37	22	18
Þverfræðilegt framhaldsnám	5	7	7	2	1
Samtals	91	72	82	87	79



Hugvísindasvið

Ana Staničević

Menningarfræði / Íslensku- og menningardeild

Leiðbeinandi: Dr. Benedikt Hjartarson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Gunilla Hermansson, prófessor við Háskólann í Gautaborg í Svíþjóð, og dr. Torben Jelsbak, dósent við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Heiti ritgerðar: *Brennist fyrir lestur: Norræn örforlög á tuttugustu og fyrstu öld. Burn before reading: Nordic small presses of the twenty-first century.*

Doktorsvörn Önu fór fram 23. ágúst.



Anna Heiða Baldursdóttir

Sagnfræði / Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Leiðbeinandi: Dr. Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

Andmælendur: Dr. Ágústa Edwald Maxwell, nýdoktor við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði, og dr. Christina Folke Ax, sérfræðingur við Nationalmuseet í Kaupmannahöfn í Danmörku.

Heiti ritgerðar: *Hlutir úr fortíð: Eigur fólks og safngripir frá 19. öld. Things from the past: People's possessions and museum collections from the 19th century.*

Doktorsvörn Önnu Heiðu fór fram 7. febrúar.



Guðrún Harðardóttir

Sagnfræði / Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Leiðbeinandi: Dr. Sverrir Jakobsson, prófessor við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

Andmælendur: Dr. Elizabeth New, dósent við Aberystwyth-háskólann í Wales, og dr. Øystein Ekroll, dósent við Nidaros domkirkes restaureringsarbeider (NDR) í Noregi.

Heiti ritgerðar: *Myndefni í kapitula- og biskupsinnsglum norskur og íslensku miðaldabiskupsdæmanna. Images in seals of chapters and bishops in the medieval dioceses of Norway and Iceland.*

Doktorsvörn Guðrúnar fór fram 20. september.



Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir

Sagnfræði / Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Leiðbeinandi: Dr. Ragnheiður Kristjánsdóttir, prófessor við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

Andmælendur: Dr. Jessica Sjöholm Skrubbe, prófessor við Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð, og dr. Benedikt Hjartarson, prófessor við Íslensku- og menningardeild HÍ.

Heiti ritgerðar: *Málaðu eins og maður, kona! Konur, kyngervi og orðræða um myndlist á Íslandi frá síðari hluta 19. aldar til 1960. Paint like a man, woman! Women, gender and discourse on art in Iceland from the late nineteenth century to 1960.*

Doktorsvörn Hönnu fór fram 3. nóvember.



Ingunn Hreinberg Indriðadóttir

Íslensk málfræði / Íslensku- og menningardeild

Leiðbeinandi: Dr. Höskuldur Þráinsson, prófessor emeritus við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Caroline Heycock, prófessor við Edinborgarháskóla í Skotlandi, og dr. Heimir Freyr Viðarsson, aðjunkt við Deild faggreinakennslu við HÍ.

Heiti ritgerðar: *Þyngdaráhrif og tilbrigði í orðaröð í íslensku og færøysku. Weight effects and variation in word order in Icelandic and Faroese.*

Doktorsvörn Ingunnar fór fram 30. maí.



Iris Edda Nowenstein

Íslensk málfræði / Íslensku- og menningardeild

Leiðbeinandi: Dr. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Miriam Butt, prófessor við Universität Konstanz í Þýskalandi, og dr. Misha Becker, prófessor við University of North Carolina í Bandaríkjunum.

Heiti ritgerðar: *Að byggja sér breytilegt fallakerfi: Tileinkun þágufalls í máltöku barna. Building yourself a variable case system: The acquisition of Icelandic datives.*

Doktorsvörn Irisar fór fram 28. apríl.



Jia Yucheng

Þýðingfræði / Íslensku- og menningardeild

Leiðbeinandi: Dr. Gauti Kristmannsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Geir Sigurðsson, prófessor við Mála- og menningardeild HÍ, og Yang Chenghu, prófessor við Ningbo University í Kína.

Heiti ritgerðar: *Greining á samhengi og endurgerð þess í bókmenntaþýðingum. Context recognition and reconstruction in literary translation.*

Doktorsvörn Jia fór fram 20. janúar.



Jules Louis Raymond Piet

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

